



# Skilmálar og úthlutunarreglur Fræðslusjóðs

---

*Samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010*

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Starfs- og úthlutunarreglur Fræðslusjóðs .....	2
Skilgreiningar úr lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 .....	2
Túlkun á markhópi laga um framhaldsfræðslu .....	3
Viðurkenndir fræðsluaðilar .....	3
Lög, reglugerð og samningar .....	3
Umsýsla Fræðslusjóðs .....	3
Kynningar .....	3
Tímafrestir .....	3
Umsóknareyðublöð .....	4
Mat á umsóknum .....	4
Endurúthlutanir .....	5
Samfella í starfi fræðsluaðila .....	5
Skilmálar um fjárframlög til kennslu og námskeiðahalds .....	5
Samstarf fræðsluaðila innan svæðis .....	5
Framlag til kennslu og námskeiðahalds .....	6
Upphæð framlags, þátttakendagjöld og fjöldi þátttakenda .....	6
Greiðslur og uppgjör .....	6
Gæði í fræðslustarfi .....	7
Upplýsingasöfnun .....	7
Skilmálar vegna úthlutunar fjár til raunfærnimats .....	7
Inntak umsókna .....	8
Samstarf og fagmennska .....	8
Mat á einingum .....	8
Greiðslur .....	8
Upplýsingasöfnun .....	8
Skilmálar vegna úthlutunar til náms- og starfsráðgjafar .....	9
Inntak umsókna .....	9
Verð á viðtölum .....	10
Greiðslur .....	10
Samstarf og fagmennska .....	10
Upplýsingasöfnun .....	10
Persónuvernd .....	11
Skilmálar Þróunarsjóðs framhaldsfræðslu .....	11
Gildistaka .....	12

## Inngangur

Fræðslusjóður starfar skv. 10. gr. laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og fær framlög í fjárlögum samkvæmt staflíð b í 9. grein laganna.

Hlutverk sjóðsins er samkvæmt lögnum að stuðla að því að til séu viðeigandi námstækifæri fyrir einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki. Jafnframt er það hlutverk hans að taka þátt í að skapa skilyrði fyrir því að einstaklingar geti nýtt sér slík námstækifæri. Með því stuðlar sjóðurinn að markmiðum sem talin eru í 2. gr. laganna.

Stjórn Fræðslusjóðs ber ábyrgð á ráðstöfun fjárins. Hún setur sérstaka skilmála um fjárframlög til fræðsluaðila og annarra sem njóta framlaga úr Fræðslusjóði sem mennta- og menningarmálaráðherra staðfestir.

Stjórn Fræðslusjóðs setur sér einnig starfs- og úthlutunarreglur, sem mennta- og menningarmálaráðherra staðfestir. Í þeim skal koma fram hvernig meðferð umsókna er háttað og almenn skilyrði fyrir veitingu framlaga úr sjóðnum.

Hér á eftir fara starfs- og úthlutunarreglur og skilmálar vegna viðfangsefna sjóðsins samkvæmt 2. mgr. 10. gr. framhaldsfræðslulaga:

- Framlög til fræðsluaðila til að mæta kostnaði við kennslu og námskeiðahald.
- Framlög til að mæta kostnaði við raunfærnimat.
- Framlög til að mæta kostnaði við náms- og starfsráðgjöf.
- Styrkveitingar til nýsköpunar- og þróunarverkefna úr Þróunarsjóði framhaldsfræðslu.

Skilmálar þessir og úthlutunarreglur voru samþykktar af mennta- og menningarmálaráðherra þann 4.7.2014

## Starfs- og úthlutunarreglur Fræðslusjóðs

### Skilgreiningar úr lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010

*Skilgreiningar, skv. lögum um framhaldsfræðslu (3. gr.)*

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

- Framhaldsfræðsla:* Hvers konar nám, úrræði og ráðgjöf sem er ætlað að mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki og er ekki skipulagt á grundvelli laga um framhaldsskóla eða háskóla.
- Raunfærnimat:* Skipulegt ferli þar sem með formlegum hætti er lagt mat á alhliða þekkingu og færni einstaklings. Matið getur byggst á skólagöngu, starfsreynslu, starfsnámi, frístundanámi, framhaldsfræðslu, félagsstörfum og lífsreynslu viðkomandi.
- Fræðsluaðili:* Sjálfstæður lögaðili sem veitir framhaldsfræðslu og hefur hlotið viðurkenningu ráðherra á grundvelli laga þessara.

## Túlkun á markhópi laga um framhaldsfræðslu

Stjórn Fræðslusjóðs notast við þessa túlkun á markhópi laganna: Markhópur framhaldsfræðslulaga eru allir þeir sem EKKI hafa lokið fullu námi frá framhaldsskóla þ.e. ekki lokið stúdentsprófi, iðnnámi eða sambærilegu námi og þeir sem EKKI hafa viðurkennt nám eða viðurkennda færni á sama þrepi til starfa í íslensku samfélagi, þótt þeir hafi lokið námi erlendis. Þeir sem hafa lokið viðurkenndu námi frá framhaldsskóla þ.e. stúdentsprófi, iðnnámi eða sambærilegu námi teljast til markhóps laganna sé nám þeirra úrelt eða umskólunar þörf af rökstuddum ástæðum.

## Viðurkenndir fræðsluaðilar

Viðtakendur fjár frá Fræðslusjóði eru eftirtaldir aðilar: Mímir-símenntun, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Símenntunarmiðstöð Vesturlands, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Farskólinn á Norðurlandi vestra, Símei, Þekkingarnet Þingeyinga, Austurbrú, Fræðslunet Suðurlands, Viska í Vestmannaeyjum, IDAN- fræðslusetur, Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins, Fræðslusetrið Starfsmennt og Framvegis, miðstöð um símenntun í Reykjavík.

## Lög, reglugerð og samningar

Starfsemi sem fær framlög úr Fræðslusjóði skal fara fram á grundvelli laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og reglugerðar nr.1163/2011. Samningur um greiðslur er gerður árlega á grundvelli úthlutunar.

## Umsýsla Fræðslusjóðs

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur í þjónustusamningi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sem dagsettur er 24. nóvember 2010 falið Fræðslumiðstöðinni að annast umsýslu með Fræðslusjóði og fjárreiðum hans sbr. 10. gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu.

## Kynningar

Í kynningarefni fræðsluaðila skal koma greinilega fram hver markhópur framhaldsfræðslulaga er. Fræðslusjóðs og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sem fjármögnunar- og þróunaraðila framhaldsfræðslu skal getið í kynningargögnum vegna sameiginlegra verkefna eftir því sem kostur er.

## Tímafrestir

Fræðslusjóður auglýsir á hverju hausti, þó eigi síðar en 7. október, eftir umsóknum frá fræðsluaðilum um framlög skv. staflíðum a og b í 10. gr. laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010. Umsóknarfrestur skal tilgreindur í auglýsingu og eigi vera skemmri en fimm vikur frá birtingu.

Umsóknir um styrkveitingar til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu úr Þróunarsjóði framhaldsfræðslu skv. staflíð c í 10. gr. laganna skal auglýsa opinberlega og skal auglýsing birtast í dagblöðum á landsvísu og á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og einnig sendi viðurkenndum fræðsluaðilum í tölvupósti. Auglýsing skal birt í mars ár hvert og skal frestur til að skila inn umsóknum vera um þrjár vikur.

Umsóknir skulu berast til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins á tölvupóstfangið [fraedslusjodur@frae.is](mailto:fraedslusjodur@frae.is).

Stjórn Fræðslusjóðs skal afgreiða umsóknir um framlög skv. staflidum a og b í 10. gr. laga til bráðabirgða í byrjun nóvember með fyrirvara um fjárveitingu til Fræðslusjóðs í fjárlögum fyrir komandi ár og tilkynna umsækjendum um afgreiðsluna.

Í framhaldi af setningu fjárlaga skal stjórn Fræðslusjóðs endurskoða bráðabirgðaafgreiðslu umsókna og tilkynna umsækjendum formlega að henni lokinni um endanlega afgreiðslu.

Úthlutun úr Þróunarsjóði framhaldsfræðslu til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu skv. staflid c í 10. gr. laga um framhaldsfræðslu skal lokið í maí ár hvert og skal niðurstaðan tilkynnt umsækjendum skriflega svo fljótt sem verða má.

## Umsóknareyðublöð

Umsækjendur skulu skila umsóknum um styrki á því formi sem stjórn sjóðsins ákveður hverju sinni.

## Mat á umsóknum

Við veitingu framlaga og styrkja leitast Fræðslusjóður við að gæta jafnræðis. Eftirfarandi reglur hefur stjórn Fræðslusjóðs til hliðsjónar við veitingu framlaga úr sjóðnum skv. staflid a og b í 10. gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu:

- Ekki er úthlutað lægri upphæð en loforð stjórnar Fræðslusjóðs hafi það verið veitt, enda liggi fyrir fullnægjandi umsóknir.
- Ekki er úthlutað hærri fjárhæð en sótt er um, nema sem nemur verðhækkun ársins hafi hún ekki legið fyrir þegar umsóknum var skilað.
- Stjórn Fræðslusjóðs setur sér leiðbeinandi reglur árlega um útdeilingu fjár. Þær reglur geta tekið mið af stærð markhóps, framkvæmd liðins árs, umsóknum eða sértækum aðstæðum á svæðum s.s. atvinnuleysi, framgangi framhaldsfræðslunnar á liðnum árum eða vilja til að lyfta upp tilteknum svæðum.
- Við mat á umsóknum er tekið tillit til framgangs fyrri verkefna, hvernig þau hafa staðist með hliðsjón af áætlanagerð, framkvæmd og með tilliti til endurgreiðslna vegna verkefna sem ekki tókst að framkvæma. Ef fræðsluaðili gerir grein fyrir breyttum aðstæðum eða breyttum áherslum sem hann telur að eigi að taka tillit til, er það skoðað sérstaklega.

Við veitingu framlaga til nýrra raunfærnimatsverkefna:

- Við mat á styrkhæfni umsókna um ný raunfærnimatsverkefni skal tekið tillit til eftirfarandi atriða: Hversu vel er rökstutt að náms- / starfsgrein henti til raunfærnimats. Kemur fram hvaða viðmið á að nota? Kemur fram stærð markhóps og er þróunarkostnaður réttlætanagerður? Kemur fram hver er gagnsemi niðurstaðna raunfærnimats fyrir einstaklinginn? Hefur verið settur saman stýrihópur miðað við skilmála og úthlutunarreglur? Eru fjárhagsáætlanir trúverðugar? Er framkvæmdaáætlun trúverðug m.a. með tilliti til gæða? Nýttast afurðir (gátlistar, matstæki o.fl.) verkefnis á landsvísi? Hvernig hefur viðkomandi fræðsluaðili staðið að sambærilegum verkefnum?

Við veitingu styrkja til nýsköpunar- og þróunarverkefna skv. staflid c í 10. gr. laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 skipar stjórn Fræðslusjóðs 5 manna úthlutunarnefnd sem metur umsóknir og úthlutar styrkjum í samræmi við reglur sjóðsins.

- Við mat á umsóknum er tekið mið af því hvort verkefnið nýtist beint innan framhaldsfræðslunnar, feli í sér vel skilgreinda nýsköpun og þróun og auglýst forgangssvið stjórnar sem og tengsl við neytendur. Þá er einnig horft til gæða umsóknar, fjárhagsáætlunar og trúverðugleika. Fjárframlag frá öðrum og/eða samstarf um verkefnið er kostur.

### Endurúthlutanir

Sé ljóst að fjármagn verður ekki notað á árinu skal því skilað til Fræðslusjóðs í byrjun október. Endurúthlutun á fjármagni sem skilað er skal auglýst á sama tíma. Niðurstaða úthlutunar skal liggja fyrir eigi síðar en 30. október.

### Samfella í starfi fræðsluaðila

Stjórn Fræðslusjóðs hefur heimild til að veita fræðsluaðilum vilyrði um fjárframlög vegna næsta árs sbr. 10. grein laganna. Vilyrðið er veitt sem hlutfall af fjármagni sem notað var til verkefna á undangengnu ári með fyrirvara um fjárveitingar Alþingis.

Í viðaukasamningi kemur fram heildarupphæð úthlutunar og er listi yfir námsleiðir og framlag til þeirra ásamt þátttakendagjöldum (sbr. 4. grein) fylgiskjal með samningi. Fræðsluaðili skal hafa sveigjanleika til að kenna þær vottuðu námsleiðir, sem hann nær þátttöku til sbr. 4. grein þessara skilmála. Fræðslusjóði er ekki skylt að styrkja nám sem fræðsluaðili setur af stað umfram samning.

## Skilmálar um fjárframlög til kennslu og námskeiðahalds

Samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 auglýsir Fræðslusjóður eftir umsóknum frá viðurkenndum fræðsluaðilum um framlög og stuðning til að mæta kostnaði við kennslu og námskeiðahald.

Fræðslusjóður birtir yfirlit yfir nám sem sjóðurinn veitir fjármagni til. Námskrár og námslýsingar skulu vera vottaðar af mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

### Samstarf fræðsluaðila innan svæðis

- 1) Þar sem fleiri en einn fræðsluaðili starfar á sama svæði skal hafa í heiðri reglur sem auka möguleika markhópsins til að sækja sér menntun. Sá fræðsluaðili sem hannaði nám skal hafa forgang á svæðinu. Allir fræðsluaðilar á sama svæði hafa heimild til að kenna námsleiðir sem hannaðar eru á öðrum svæðum eða af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Ef fleiri en ein námsleið sömu tegundar er í boði á svæði og ekki næst hópur hjá öllum fræðsluaðilum, skal ná samkomulagi um framkvæmd þannig að sá sem hefur flestar skráningar heldur námsleiðina. Þegar um brúarleiddir er að ræða skal gæta þess sérstaklega á fámennari svæðum að fjármagn nýtist sem best og hafa samráð við viðkomandi framhaldsskóla. Á svæðum þar sem einkafyrirtæki hafa boðið upp á námsleiðir sambærilegar þeim vottuðu námsleiðum, sem fræðsluaðili hyggst halda skal hafa í heiðri reglur sem auka möguleika markhópsins til að sækja sér menntun. Samstarfsaðilar Fræðslusjóðs skulu gæta þess að framlag sjóðsins verði ekki til þess að framboð á námi fyrir markhópin minnki. Hafi fræðsluaðilar á almennum markaði þróað og boðið námskeið, sem eru svipuð vottuðum námsleiðum að lengd, verði og gæðum skal viðurkenndur fræðsluaðili (skv. lista á bls. 2) leita samstarfs við viðkomandi aðila eða afla tilboðs frá honum.



## Framlag til kennslu og námskeiðahalds

- 2) Greitt er til vottaðs og viðurkennds náms, sem sérhannað er fyrir markhóp laga um framhaldsfræðslu. Í forgangi eru námsleiðir fyrir markhóp framhaldsfræðslulaga og námsleiðir sem beinast að fólki á vinnumarkaði eða er tímabundið utan hans vegna atvinnuleitar. Á hverju hausti birtir Fræðslusjóður lista yfir námsleiðir sem heimilt er að styrkja, en á þeim lista eru:
- Námsskrár Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins – sem eru útgefnar og hefur verið dreift til samstarfsaðila.
  - Námsskrár Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sem eru metnar í tilraunaskyni.
  - Námsskrár sem viðurkenndir fræðsluaðilar hanna fyrir markhóp. framhaldsfræðslulaga, mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur vottað og stjórn Fræðslusjóðs hefur samþykkt að megi fjármagna úr Fræðslusjóði.
  - Nám sem símenntunarmiðstöð vill halda á grundvelli námsskrár framhaldskóla sem ætluð er fullorðnu fólki á vinnumarkaði og stjórn Fræðslusjóðs hefur samþykkt að megi fjármagna úr Fræðslusjóði.

## Upphæð framlags, þátttakendagjöld og fjöldi þátttakenda

- 3) Framlag Fræðslusjóðs er 85% af heildarkostnaði námsleiðar skv. skilgreiningu Fræðslusjóðs, en 15% er skilgreint sem þátttakendagjöld, sem fræðsluaðili skuldbindur sig til að innheimta af þátttakendum (sem heimilt er að aðrir greiði fyrir hann s.s. starfsmenntasjóðir). Þátttakendagjöld eru ákvörðuð með því að deila 15% heildarkostnaðar á 14 þátttakendur. Verðlisti er sendur fræðsluaðilum í upphafi starfsárs.

Þátttakendafjöldinn í námsleið sem styrkt er af Fræðslusjóði er á ábyrgð fræðsluaðila, en þó almennt ekki lægri en 10 manns nema námsskrá geri ráð fyrir færri þátttakendum. Til að námsleið sé styrkhæf skal markhópur framhaldsfræðslulaga ekki fara undir 80% þátttakenda sbr. túlkun stjórnar Fræðslusjóðs hér að framan.

Heimilt er að nota framlag til vottaðra námsleiða vegna túlkunar skv. verðlista Fræðslusjóðs sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt: Túlkunin er fyrir 10 eða fleiri námsmenn. Hægt er að óska eftir undanþágu frá fjöldatakmörkunum hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins með því að leggja fram rök, en ekki verður veitt heimild fyrir þátttakendafjölda undir 6 manns. Heimilt er að túlka fyrstu 8 klukkustundir í Landnemaskólanum, en að öðru leyti ber að virða forsendur námsskrár.

Framlag Fræðslusjóðs tekur breytingum eftir fjölda þátttakenda í námsleiðum á eftirfarandi hátt: Framlag lækkar um 5% fyrir hvern þátttakanda undir 10 manns og að 6 manns og hækkar um 5% fyrir hvern þátttakanda á bilinu 16 manns til 20 manns, enda hafi verið sýnt fram á að um markhóp framhaldsfræðslulaga sé að ræða skv. túlkun stjórnar Fræðslusjóðs. Sérstaka skriflega heimild þarf til að fara af stað með hóp undir 10 manns og er hún veitt á grundvelli málefnalegra ástæðna, sem felast í sérstöðu námsins eða þátttakendahópsins og sem stjórn Fræðslusjóðs metur.

## Greiðslur og uppgjör

- 4) Fræðsluaðili skal fá greitt með jöfnum mánaðargreiðslum frá því samningur er gerður, sé framkvæmd í samræmi við áætlun. Fyrstu greiðslur skulu greiddar fyrir janúarlok, enda liggi fyrir samþykkt ráðuneytis á skilmálum og úthlutunarreglum.

- 5) Hafi fræðsluaðili ekki framkvæmt námsleiðir samkvæmt samningi skal hann endurgreiða Fræðslusjóði það fjármagn sem ekki hefur verið framkvæmt fyrir. Lokauppgjör á fjármagni fer fram fyrir lok mars.

### Gæði í fræðslustarfi

- 6) Fræðsluaðilar skulu hafa fengið gæðavottun samkvæmt EQM eða öðru viðurkenndu kerfi og tryggja að námsmenn hafi tækifæri til að ljúka skilgreindu námi eða námsáfangi hverju sinni.
- 7) Verkefnastjórar vottaðs náms hjá fræðsluaðilum skulu hittast einu sinni á ári til að efla gæði þjónustunnar. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins boðar til funda.

### Upplýsingasöfnun

- 8) Fræðsluaðili skal skrá upplýsingar um árangur námsmanna í vottuðum námsleiðum inn í nemendabókhald. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins tekur upplýsingar út tvisvar á ári, í júní og í janúar árið eftir og ber undir fræðsluaðila. Fræðsluaðili staðfestir, uppfærir og lagar upplýsingar eftir því sem þörf krefur. Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í samantekt:

#### Fjöldi námsleiða og námsmanna í eftirfarandi flokkum:

- Heiti námsskrár: Vottað nám skv. námsskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.
- Heiti námsskrár: Annað vottað nám (t.d. leikskólabrú og félagsliðabrá).
- Ekki vottað nám, samt sem áður nám fyrir markhóp framhaldsfræðslulaga (t.d. íslenska fyrir útlendinga).

Fjármögnun skal flokkuð á eftirfarandi hátt:

- fjármagn frá Fræðslusjóði.
- fjármagn frá öðrum (hvaðan).

Tilgreindur skal:

- fjöldi kenndra stunda.
- áætlaður fjöldi lokinna eininga.
- heildarfjöldi nemendastunda í námsleiðinni (fjöldi kennslustunda x fjöldi nemenda sem lauk námi).

#### Upplýsingar um einstaklinga

Fjöldi einstaklinga sem hóf nám, fjöldi kvenna og karla, menntunarstig umsækjenda.

Fjöldi einstaklinga sem lauk námi, fjöldi kvenna og karla, menntunarstig þátttakenda. Fjöldi einstaklinga eftir stéttarfélögum (ASÍ, BSRB og önnur eða óþekkt).

Fjöldi einstaklinga sem eru atvinnuleitendur, fjöldi kvenna og karla.

Fjöldi einstaklinga af erlendum uppruna, fjöldi kvenna og karla, viðurkennt menntunarstig umsækjenda og þátttakenda. (viðurkennt menntunarstig byggir á upplýsingum einstaklings um það hvort framhaldsskóla- eða háskólamenntun frá heimalandi hans hafi verið formlega viðurkennd hér á landi).

## Skilmálar vegna úthlutunar fjár til raunfærnimats

Samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 úthlutar Fræðslusjóður framlögum til fræðsluaðila til að mæta kostnaði við raunfærnimat. Stjórn Fræðslusjóðs auglýsir hjá viðurkenndum fræðsluaðilum, eftir umsóknum um styrki til raunfærnimats.



## Inntak umsókna

- 1) Umsækjendur um fjármagn til raunfærnimats skulu skila inn lýsingu á verkefni, árangursmarkmiðum og fjárhagsáætlun. Veitt er fjármagni til raunfærnimats:
  - á móti námskrám framhaldsskóla og vottuðum námsleiðum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.
  - í löggiltum iðngreinum er fjármagni veitt í gegnum fræðslumiðstöðvar viðkomandi iðngreina.
  - vegna samstarfsverkefna við fræðslumiðstöðvar iðngreina eða símenntunarmiðstöðvar er greidd ákveðin upphæð á staðna einingu skv. ákvörðun stjórnar Fræðslusjóðs, enda sé samkomulag um verkefnið milli fræðsluaðila.
  - á móti sérstökum viðmiðum, sem aðilar vinnumarkaðarins í starfsgreininni hafa komið sér saman um, enda hafi stjórn Fræðslusjóðs samþykkt styrkhæfni viðkomandi verkefnis. Greitt skal pr. einstakling, sem lýkur raunfærnimati og mótframlag skal koma frá aðilum atvinnulífs/starfsmenntasjóði.
  - til undirbúnings verkefna s.s. til gerðar gátlista, skimunarlista, verkfæra, gæðaviðmiða.
  - í undantekningartilfellum er heimilt að fela Fræðslumiðstöð atvinnulífsins verkefni vegna þróunar raunfærnimats.

## Samstarf og fagmennska

- 2) Tryggja skal að hagsmunaaðilar séu í samstarfi vegna raunfærnimatsins til að sátt ríki um matið og þess gætt að niðurstöður gildi fyrir allt landið sbr. reglugerð 1163/2011. Hagsmunaaðilar eru eftir eðli þeirrar greinar sem skal meta raunfærni í: Viðkomandi framhaldsskóli, starfsgreinaráð, stéttarfélag, samtök atvinnurekenda og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Stýrihópur skal settur á laggirnar með helstu hagsmunaaðilum. Ofangreint á fyrst og fremst við um iðngreinar og ný viðfangsefni, en huga þarf sérstaklega að hagsmunaaðilum varðandi almennar bóklegar greinar í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- 3) Fagaðilar skulu sækja námskeið hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins áður en þeir hefja störf við verkefnastjórnun, faglegt mat og/eða náms- og starfsráðgjöf í raunfærnimati og byggja starf sitt á þeim áherslum sem lagðar eru á námskeiðinu.

## Mat á einingum

- 4) Tryggja skal eftir því sem kostur er að einingar, sem einstaklingar fá metnar, fari í opinbera gagnagrunna og hafi gildi jafnt og aðrar framhaldsskólaeiningar.

## Greiðslur

- 5) Greitt er með jöfnum greiðslum á mánuði á samningstímabilinu. Gert er upp miðað við niðurstöður verkefna í árslok eða við verklok í samræmi við staðnar einingar/greiðslur pr. einstakling. Fræðsluaðili skal endurgreiða fjármagn, sem ekki hefur verið notað.
- 6) Ekki skal tekið gjald af einstaklingum.

## Upplýsingasöfnun

- 7) Fræðsluaðili skal halda utan um upplýsingar vegna raunfærnimats og skila eftirfarandi upplýsingum til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins að verkefni loknu eða tvisvar á ári eftir atvikum:

### **Upplýsingar í árlegri skýrslu / eða við lok verkefnis sé um einstakt verkefni að ræða**

- Aðdragandi og forsendur verkefnis.
- Hagsmunaaðilar í verkefninu.
- Upphafleg verkáætlun.
- Lýsing á ferli (fundir, tími í hvert atriði).
- Aðferðir við að ná til markhópsins.
- Tími fagaðila í verkefninu.
- Upplýsingar um þjálfun matsaðila (tekið námskeið hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins).
- Tími náms- og starfsráðgjafa í verkefninu.
- Tími verkefnisstjóra í verkefninu.

### **Upplýsingar sem skila skal tvisvar á ári /við lok verkefnis sé um einstakt verkefni að ræða**

- Dagsetning kynningar.
- Heiti verkefnis.
- Fjöldi kynningarfunda.
- Fjöldi einstaklinga á kynningu / fundi.
- Fjöldi einstaklinga sem skráði sig í verkefnið.
- Fjöldi einstaklinga sem fóru í skimunarviðtal hjá náms- og starfsráðgjafa.
- Fjöldi einstaklinga í færnisráningu.

### **Einstaklingar (greiningarsamtöl hjá fagaðila)**

- Upplýsingar um einstaklinga sem fóru í greiningarsamtöl (fæðingarár, kyn, þjóðerni og heiti verkefnis).
- Fjöldi einstaklinga sem fóru í greiningarsamtal / samtöl.
- Heildarfjöldi greiningarsamtala.
- Heildar einingafjöldi í greiningarsamtölum.
- Heildarfjöldi staðinna eininga (heildarfjöldi og meðaltal á einstakling).

### **Eftirtaldar upplýsingar skulu vistaðar hjá fræðsluaðila**

- Nafn.
- Kennitala eða fæðingarár.
- Símanúmer / netfang.
- Vinnustaður.
- Stéttarfélagsaðild.
- Staðnir áfangar.

## **Skilmálar vegna úthlutunar til náms- og starfsráðgjafar**

Samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 úthlutar Fræðslusjóður framlögum til fræðsluaðila til að mæta kostnaði við náms- og starfsráðgjöf.

Stjórn Fræðslusjóðs auglýsir hjá viðurkenndum fræðsluaðilum, eftir umsóknum um styrki til náms- og starfsráðgjafar.

### **Inntak umsókna**

- 1) Umsækjendur skulu skila inn umsóknum þar sem fram koma árangursmarkmið og fjárhagsáætlun sem byggir á ákvörðunum stjórnar Fræðslusjóðs um verðlag. Veitt er fjármagni til náms- og starfsráðgjafar á vinnustöðum, í vottuðum námsleiðum, vegna atvinnuleitenda á vegum

Vinumálastofnunar, í raunfærnimati og annars staðar þar sem hægt er að ná til markhóps samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010.

- 2) Sé sótt um fjármagn til gerðar stuðningsefnis, gæðaviðmiða eða annars sem eykur gæði þjónustunnar, skal skila fjárhagsáætlun og verkefnalýsingu vegna umsóknar.
- 3) Í undantekningartilfellum er heimilt að fela Fræðslumiðstöð atvinnulífsins verkefni vegna þróunar náms- og starfsráðgjafar.

### Verð á viðtölum

- 4) Stjórn Fræðslusjóðs gefur út verðlag á viðtölum / hópráðgjöf sem er mismunandi eftir tegund viðtala og staðsetningu þeirra. Allur kostnaður við öflun viðtals og eftirfylgni er innifalinn í verði viðtals og gildir sama um hópráðgjöfina. Hærri verðflokkur viðtala skal eingöngu greiddur fyrir markhóp framhaldsfræðslulaga, enda sé umtalsverð vinna við öflun þeirra viðtala. Stjórn Fræðslusjóðs setur leiðbeinandi reglur um flokkun viðtala í hærri og lægri verðflokk. (Sjá fskj.) Til að einstaklingsviðtöl séu styrkhæf skal fjöldi viðtala við einstaklinga í markhópi sbr. túlkun stjórnar Fræðslusjóðs hér að framan vera að lágmarki 80%.

### Greiðslur

- 5) Greitt er með jöfnum mánaðarlegum greiðslum á samningstímabilinu. Fjárframlag skal gert upp í árslok miðað við tegund viðtala, fjölda, staðsetningu og markhóp sbr. ákvörðun stjórnar Fræðslusjóðs um verðlag á þjónustunni. Hafi fræðsluaðili ekki nýtt allt fjármagnið til ráðgjafar skal hann endurgreiða það sem út af stendur. Lokauppgjör á fjármagni fer fram í janúar.
- 6) Ekki skal tekið gjald af einstaklingum.

### Samstarf og fagmennska

- 7) Náms- og starfsráðgjafar og fagaðilar sem taka hvatningarviðtöl skulu boðaðir til fræðslufunda hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins tvisvar til þrisvar sinnum á ári til að taka þátt í þróun verkefnisins og gæðaviðmiða í starfi. Móttaka fjár til náms- og starfsráðgjafar felur í sér skuldbindingu til að sækja þessa fundi.
- 8) Lögð skal áhersla á að velja menntaða náms- og starfsráðgjafa til námsráðgjafarinnar eða viðeigandi fagaðila til hvatningarviðtala.

### Upplýsingasöfnun

- 9) Fræðsluaðili skal setja upplýsingar um náms- og starfsráðgjöf inn í nemendabókhald í það minnsta mánaðarlega. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins tekur upplýsingar út að minnsta kosti ársfjórðungslega og ber undir fræðsluaðila. Eftirfarandi upplýsingum skulu gerð skil á:

#### Upplýsingar um vettvang

- Listi yfir vettvang / staði þar sem kynningar hafa farið fram (heiti fyrirtækja, námsleiða, fundir).
- Fjöldi kynninga á hverjum vettvangi (í fyrirtækjum, inni í námsleiðum).
- Heildarfjöldi kynninga.

#### Upplýsingar um kynningar

- Heildarfjöldi einstaklinga á kynningum.
- Fjöldi í einstaklingsviðtal í framhaldi af kynningu.
- Fjöldi í hópráðgjöf í framhaldi af kynningu.

### Upplýsingar um einstaklinga í einstaklings- eða hópráðgjöf

- Aldur – kyn - þjóðerni
- Póstnúmer.
- Menntunarstig.
- Stéttarfélag.
- Staða á vinnumarkaði.
- Ástæða viðtals.
- Tegund viðtals.
- Fyrsta viðtal eða endurkoma.
- Niðurstaða viðtals.
- Hvar viðtal fer fram.

Mikilvægt er að fá upplýst samþykki í upphafi viðtals hjá einstaklingum varðandi skráningu upplýsinga og notkun þeirra.

### Árleg samantektarskýrsla

Skýrsla um reynslu af ráðgjöfinni skal berast Fræðslumiðstöð atvinnulífsins í ágúst. Í henni skal gera grein fyrir eftirfarandi upplýsingum:

1. Hvernig hefur almennt gengið að ná til ráðþega?
2. Hvar virkar vel að kynna ráðgjöfina?
3. Hverjir eru helstu samstarfsaðilar ráðgjafa í því að ná til ráðþega?
4. Hvernig hefur gengið að starfa í þágu atvinnuleitenda?
5. Hver er reynslan af samstarfinu við Vinnumálastofnun/Starf?
6. Hvernig hefur gengið að leiðbeina atvinnuleitendum um nám og störf?
7. Hvers konar námsþörfum hafa ráðþegar miðlað til ráðgjafa?
8. Segið frá nýjungum í starfinu og markaðssetningu, hvað hefur gengið vel og hvað hefur ekki gengið eins vel.

### Persónuvernd

- 10) Fræðslumiðstöð atvinnulífsins mun ekki vinna með persónugreinandi upplýsingar í sinni úrvinnslu. Þær upplýsingar verða eftir hjá fræðsluaðila og því mikilvægt að leiðbeiningar Persónuverndar séu hafðar til hliðsjónar við vistun allra gagna (sjá: [www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is)).

## Skilmálar Þróunarsjóðs framhaldsfræðslu

### Inngangur

Lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 taka til skipulags framhaldsfræðslu og þátttöku ríkissjóðs í kostnaði við framkvæmd hennar. Framhaldsfræðsla er skilgreind sem hvers konar nám, úrræði og ráðgjöf sem er ætlað að mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki og er ekki skipulagt á grundvelli laga um framhaldsskóla eða háskóla.

### 1. Hlutverk

Hlutverk Þróunarsjóðs framhaldsfræðslu er að veita styrki til skilgreindra nýsköpunar- og þróunarverkefna á sviði framhaldsfræðslu. Sjóðurinn starfar undir stjórn Fræðslusjóðs og er stjórninni heimilt að ráðstafa fjármagni til sérstakra verkefna án auglýsingar í því skyni að efla þróun málaflokksins samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu. Stjórn Fræðslusjóðs ákveður fjárhæð til úthlutunar samkvæmt neðangreindum reglum á hverju ári.

## 2. Forgangssvið

Stjórn Fræðslusjóðs ákveður hverju sinni forgangssvið í samráði við úthlutunarnefnd, sem falla að lögum um framhaldsfræðslu.

## 3. Auglýsing

Stjórn Fræðslusjóðs auglýsir opinberlega eftir umsóknum um styrki og skal auglýsing birtast í dagblöðum á landsvísu og á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Í auglýsingu skulu koma fram forgangssvið stjórnar hverju sinni, viðmið við mat á umsóknum og umsóknarfrestur.

Auglýsing skal birt í mars ár hvert og skal frestur til að skila inn umsóknum vera um þrjár vikur. Umsóknum skal skila inn á þar til gerðum eyðublöðum.

## 4. Afgreiðsla umsókna og úthlutun

Stjórn Fræðslusjóðs skipar 5 manna úthlutunarnefnd sem metur umsóknir og úthlutar styrkjum í samræmi við reglur sjóðsins.

Við mat á umsóknum er tekið mið af því hvort verkefnin nýtist beint innan framhaldsfræðslunnar, feli í sér vel skilgreinda nýsköpun og þróun og auglýst forgangssvið stjórnar sem og tengsl við neytendur. Þá er einnig horft til gæða umsóknar, fjárhagsáætlunar og trúverðugleika. Fjárframlag frá öðrum og/eða samstarf um verkefnið er kostur.

Úthlutun skal lokið í maí ár hvert og skal niðurstaðan tilkynnt umsækjendum skriflega svo fljótt sem verða má.

## 5. Verkefni sem hljóta styrk

Gerður er sérstakur samningur við styrkhafa þar sem fram koma m.a. samningsskilmálar Fræðslusjóðs, meðferð höfundarréttar, áætluð verklok og greiðslufyrirkomulag styrks.

Að verkefni loknu skal styrkhafi skila afurðum verkefnisins og fjárhagsuppgjöri til stjórnar Fræðslusjóðs.

## Gildistaka

Ofangreindir skilmálar og úthlutunarreglur taka gildi frá og með 4.7.2014.